

AUGLÝSING

147

1. sept.

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í k-lið 4. gr. laga frá 5. maí 1941, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 skuli breytast sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1941.

Í Reykjavík.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera til 15. september þ. á.

Utan Reykjavíkur.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera til 1. október þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 1. september 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

ERINDISBRÉF

148

6. sept.

fyrir bankaráð Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, er fer með landbúnaðarmál. Að öðru leyti annast bankaráð og bankastjóri stjórn bankans.

2. gr.

Bankaráðið skipar bankastjóra og kemur það þá fyrst til framkvæmda, er núverandi bankastjóri lætur af störfum. Enn fremur skipar það, að fengnum tillögum bankastjóra, bókara og féhirði við aðalbankann og stjórnendur útibúa bankans, setur þeim erindisbréf og vikur þeim frá.

3. gr.

Bankaráð skal að jafnaði halda reglulega fundi einu sinni í mánuði, — en annars svo oft sem formaður bankaráðs, meiri hluti bankaráðs eða bankastjóri óskar þess.

Til þess að gerð verði gild ályktun, verða að taka þátt í atkvæðagreiðslu eigi færri en tveir bankaráðsmenn. Þegar jöfn eru atkvæði sker atkvæði formanns úr. Svo skal og vera þegar jöfn eru atkvæði, er bankaráð og bankastjóri gera ályktun um þau mál, sem þeim ber að ráða fram úr sameiginlega.

Bankastjóri á rétt á að sitja fundi bankaráðs, taka þátt í umræðum og bera fram tillögur, nema í málum, er snerta hann sjálfan persónulega.

Á hverjum reglulegum fundi skal bankastjóri leggja fram þau skjöl og skilríki um hag og rekstur bankans, er bankaráð telur nauðsynleg til þess að geta haft fullkomnið eftirlit með starfsemi hans.

6. sept.

Bankaráðinu ber auk þess, sem áður segir:

- a. að koma fram fyrir bankans hönd gagnvart dómstólum, yfirvöldum og gagnvart þriðja aðila;
- b. að hafa umsjón og eftirlit með eignum bankans og starfsemi hans, þar á meðal því, að fé bankans, skjöl og bækur sé tryggilega geymt, að húsum bankans sé vel við haldið og að vel sé farið með eignir hans að öðru leyti;
- c. að ákveða laun starfsmanna bankans, að fengnum tillögum bankastjóra. Ráðherra ákveður þó laun hans. Enn fremur skal bankaráð ákveða hversu hátt veð féhirðir skuli setja;
- d. að ákveða hvar bankinn skuli hafa útibú, að fengnum tillögum bankastjóra;
- e. að ákveða ásamt bankastjóra hve mikið af starfsfé bankans skuli bundið í hverri atvinnugrein og setja aðrar almennar reglur um starfrækslu bankans;
- f. að ákveða ásamt bankastjóra almenna innlánsvexti og útlánsvexti;
- g. að taka ákvarðanir ásamt bankastjóra um eftirlit skulda án gjaldþrotaskipta;
- h. að ákveða hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann. Svo og hverjir starfsmenn bankans geta skuldbundið hann með undirskrift sinni í tilteknum málum, hvort tveggja að fengnum tillögum bankastjóra;
- i. að úrskurða í deilum, er upp kunna að koma milli starfsmanna bankans og bankastjóra;
- j. að ákveða ásamt bankastjóra hvenær bankinn og útibú hans skuli vera opin til afgreiðslu fyrir almenning;
- k. að ákveða hve mikið starfsfé bankans skuli fengið hverju útibúi til umráða, enda komi samþykki bankastjóra til;
- l. að gera ályktanir um þau mál, er bankastjóri leggur fyrir bankaráðið.

5. gr.

Bankaráðið ákveður í samráði við bankastjóra hversu hagað skuli bókfærslu og reikningsskilum bankans, og skal séð um að ætíð sé auðvelt að kynna sér hag hans.

6. gr.

Bankaráðsmenn skulu undirrita drengskaparheit um það, að þeir skuli ynna störf sín af hendi með árvekni og samvirkusemi og eigi gera neinum óviðkomandi kunnugt um málefni bankans né viðskipti einstakra manna við hann.

Erindisbréf þetta er hér með sett samkvæmt lögum nr. 32 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands og á lögum nr. 20 13. janúar 1938, um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. september 1941.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.